



Vestmannaeyjabær
Dagný Hauksdóttir
Kirkjuvegi 50 Pósthólf 60
900 VESTMANNAEYJAR

Garðabær, 19. janúar 2026

Málsnúmer: 202601-0035

IAS

Efni: Ný vatnslögn til Vestmannaeyja. Tillaga að breyttu aðalskipulagi.

Vísað er til erindis Vestmannaeyjabæjar frá 22. desember 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi vegna nýrrar vatnslagnar til Vestmannaeyja.

Í kjölfar umfangsmikilla skemmda á vatnsleiðslu NSL3 til Vestmannaeyja í nóvember 2023 er vatnsflutningur þangað ótryggur. Fyrirhugað er leggja nýja vatnsleiðslu, NSL4, til hliðar við núverandi leiðslu, NSL3, um 12,5 km leið milli lands og eyja, til að tryggja afhendingu vatns til Vestmannaeyja. Vegna mistaka er lega núverandi vatnslagnar ekki sýnd á skipulagsupprætti en ný vatnslögn nýtir sömu legu. Hér er lögð fram, í einu lagi, lýsing og tillaga á vinnslustigi um aðalskipulagsbreytingu þar sem lega NSL3 og NSL4 er færð inn á uppdráttinn og samsvarandi breytingar gerðar á greinargerð.

Breyting þessi á aðalskipulagi nær til þéttbýlisuppráttar og greinargerðar. Á þéttbýlisupprætti er færð inn lega nýrrar vatnslagnar með landtöku í Skansfjöru og lögn á landi þaðan og að Skansinum. Vegna mistaka er lega núverandi vatnslagnar NSL3 ekki á uppdrættinum en NSL4 mun nýta sömu legu. Lína á uppdrættinum eftir breytingu mun því tákna sameiginlega legu vatnslagna NSL3 og NSL4. Í greinargerð breytast skilmálar fyrir þá landnotkunarreiti sem NSL3 liggur um og NSL4 mun líka liggja um, til að taka af tvímæli um að sú landnotkun sé heimil.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagstillöguna og tekur undir þá niðurstöðu að framkvæmdin er líkleg til að óveruleg áhrif á jarðminjar, gróður og fugla og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur